



## Nútímavæddar áhugamannreglur í golfi gefnar út

Liberty Corner, New Jersey, Bandaríkjunum og St. Andrews, Skotlandi (26. október 2021)  
– Nýjar áhugamannareglur í golfi hafa verið gefnar út af Bandaríska golfsambandinu og The R&A. Reglurnar taka gildi 1. janúar 2022.

Útgáfan er nýjasta skref regluyfirvalda við að gera golfreglurnar auðskildari og auðveldari í framkvæmd og kemur í kjölfar endurskoðunar golfreglnanna 20219. Nýju reglurnar taka mið af athugasemdum og ábendingum kylfinga og golfiðnaðarins eftir yfirgripsmikið rýniferli, til að tryggja að reglurnar taki mið af því hvernig golf er leikið í dag af milljónum kylfinga um heim allan.

Endurskoðunin og þau viðbrögð sem fengust þegar upphaflegar tillögur voru kynntar fyrr á þessu ári staðfesta mikilvægi áhugamannagolfs og gagnsemi þess að viðhalda áhugamannreglunum.

Niðurstaða endurskoðunarinnar eru reglur þar sem afnumdar hafa verið margar fyrri takmarkanir á golfi áhugamanna, samhliða því að tryggja að heilindum leiksins sé viðhaldið, með því að setja mörk á eðli og verðmæti þeirra verðlauna sem áhugamenn mega þiggja.

Hluti af nútímavæðingu reglnanna felst í því að nú geta eingöngu eftirfarandi athafnir valdið því að leikmaður tapi áhugamannaréttindum sínum:

- Þiggi verðlaun yfir verðmætismörkum (1.000 bandaríkjadalir / 700 sterlingspund) eða þiggi peningaverðlaun í forgjafarkeppnum.
- Leiki sem atvinnumaður.
- Þiggi greiðslu fyrir golfkennslu (þótt allar núverandi undantekningar eigi við, svo sem þjálfun í skólum eða öðrum menntastofnunum og aðstoð við viðurkennd námskeið).
- Þiggi starf sem atvinnumaður í golfi hjá golfklúbbi eða félagsaðild að samtökum atvinnumanna í golfi.

Til að ná fram þessari einfaldari nálgun en áður verða eftirfarandi lykilmeytingar á reglunum:

- Gerður er greinarmunur á keppni með eða án forgjafar, með tilliti til þeirra verðlauna sem kylfingar mega þiggja.
- Verðlaunareglan nær eingöngu til keppna þar sem leikið er frá teig í holu á golfvelli eða í golfhermi, en ekki lengur til keppni um lengstu högg, þúttkeppna eða keppna í

annars konar hæfni sem ekki falla undir keppnir frá teig í holu.

- Engar takmarkanir eru lengur varðandi auglýsingar, greiðslu kostnaðar eða styrki.

Afnám takmarkana varðandi styrki og hækkun hámarks verðlaunafjár í 1000 dali eða 700 pund í keppni án forgjafar eykur verulega möguleika afrekskyflinga á að greiða kostnað í tengslum við golfiðkunina.

Craig Winter framkvæmdastjóri golf- og áhugamannreglna hjá Bandaríska golfsambandinu: „Golf er einstætt að því leyti hversu sterkt það höfðar jafnt til keppenda og þeirra sem eingöngu leika sér til ánægju. Þetta kom skýrt fram í þeim viðbrögðum sem við fengum fyrr á þessu ári og við teljum að breytingarnar á reglunum séu til einföldunar og tryggi heilbrigði áhugamannagolfs, ekki eingöngu hjá þeim sem taka þátt í afreksgolfi áhugamanna heldur einnig hjá þeim milljónum kylfinga á öllum aldri og öllum getustigum sem njóta þess að keppa á sínum heimavelli.“

Grant Moir, framkvæmdastjóri golfreglna hjá The R&A: „Það er ánægjulegt að kynna þessar nýju áhugamannareglur í dag. Reglurnar gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja heilindi íþróttarinnar, þar sem leikmenn sjá sjálfir um framfylgni reglnanna. Reglurnar þurfa að vera í takt við tímann. Þetta er sérstaklega mikilvægt í afreksgolfi áhugamanna, þar sem margir kylfinganna þurfa fjárhagslegan stuðning til að keppa og þróa leik sinn. Nýju reglurnar veita þeim tækifæri til þess og munu eiga þátt í að fleiri geti notið íþróttarinnar.“

Nýju reglunum fylgja leiðbeiningar, yfirlit og útskýringar á þeim rökum sem liggja að baki breytingunum, ásamt stöku skýringum á ástæðum þess að sumar reglnanna eru óbreyttar.

Þetta efni má finna á [www.usga.org/amateurstatus](http://www.usga.org/amateurstatus)

### Um USGA

Bandaríska golfsambandið er sjálfseignarstofnun með það hlutverk að þjóna golfíþróttinni og þróa hana. Sambandið var stofnað 1894 og stendur fyrir mörgum helstu golfkeppnum atvinnumanna og áhugamanna, þar á meðal Opna Bandaríska meistaramótinu, bæði í karla- og kvennaflokki. Ásamt R&A ber bandaríska golfsambandið ábyrgð á reglum um golfleikinn, útbúnað, forgjöf og áhugamenn. Við höfuðstöðvar sambandsins í Liberty Corner, New Jersey má einnig finna rannsóknarsetur þess, þar sem vísindum og nýsköpun er beitt til að viðhalda heilbrigðri og sjálfbærri íþrótt til framtíðar. Þar má einnig finna golfsafn sambandsins þar sem varðveittir eru og haldið á lofti merkustu gripum úr sögu íþróttarinnar. Sjá nánar á [usga.org](http://usga.org).

### Um R&A

Þar sem vísað er til R&A er átt við The R&A Rules Limited. R&A, í St. Andrews í Skotlandi, ber ábyrgð á reglum um golfleikinn um heim allan, ásamt bandaríska golfsambandinu. Lögsaga aðilanna tveggja er ólík en í sameiningu gefa þeir út sömu reglur vegna golfleiksins, áhugamanna og útbúnaðar. Lögsaga R&A nær til heimsins alls, utan Bandaríkjanna og Mexíkó, fyrir hönd yfir 36 milljóna kylfinga í 144 löndum og með stuðningi 159 samtaka úr röðum áhugmanna og atvinnumanna.

Markmið R&A er að verja 200 milljónum sterlingspunda til þróunar golfleiksins á áratug og styðja vöxt íþróttarinnar alþjóðlega, þar á meðal með þróun og stjórn sjálfbærra mannvirkja. Sjá nánar á [www.RandA.org](http://www.RandA.org).

###







---

## **Golf's Modernized Rules of Amateur Status Published**

LIBERTY CORNER, N.J. USA AND ST ANDREWS, Scotland (Oct. 26, 2021) - Golf's new Rules of Amateur Status have been published by the USGA and The R&A ahead of their January 1, 2022, effective date.

The work is the latest step by the governing bodies to make the Rules easier to understand and apply and follows the modernization process of the Rules of Golf in 2019. The new Rules were informed by golfer and golf industry feedback as a part of a comprehensive review, to ensure they continue to reflect how the modern game is played by millions of golfers around the world.

This review, along with the global feedback received when the proposals were publicly shared earlier this year, reaffirmed amateur golf's important position in the game and the value in maintaining amateur status Rules.

The result is a set of Rules that removes many of the restrictions that previously applied to amateur golfers, while ensuring that the integrity of the game is protected by limiting the form and value of the prizes an amateur golfer can accept.

As part of the modernization effort, the new Rules identify only the following acts that will result in a golfer losing their amateur status:

- Accepting a prize with a value exceeding the prize limit (\$1000/£700) or accepting prize money in a handicap competition.
- Playing as a professional.
- Accepting payment for giving instruction (although all current exceptions still apply, such as coaching at educational institutions and assisting with approved programs).
- Accepting employment as a golf club professional or membership of an association of professional golfers

To achieve this simplified approach, the following key changes have been introduced:

- Distinguishing between scratch and handicap competitions in terms of the prizes that may be accepted.
- The prize rule applies only to tee-to-hole competitions played on a golf course or a simulator, but no longer apply to long-drive, putting and skills

competitions that are not played as part of a tee-to-hole competition.

- Eliminating all advertising, expense-related and sponsorship restrictions.

The new opportunities provided by lifting sponsorship restrictions and the ability to accept prize money up to the increased limit of \$1000 or £700 in scratch-only competitions will be of significant benefit to elite amateur golfers looking for ways to fund golf-related expenses.

“Golf is unique in its broad appeal to both recreational and competitive players,” said Craig Winter, USGA senior director, Rules of Golf and Amateur Status. “This was emphasized in the feedback we received earlier this year and we believe these updates will help simplify these Rules and ensure the long-term health of the amateur game, not only to those who compete at the highest level of amateur golf, but for the millions of golfers at every age and skill level who enjoy competitive events at their home courses.”

Grant Moir, Director of Rules at The R&A, said, “We are delighted to be rolling out the modernized Rules of Amateur Status today. These Rules play an important role in protecting the integrity of our self-regulating sport, but the code must evolve to meet the needs of the modern game. This is particularly important for modern elite amateur golf, where many of the players need financial support to compete and develop to their full potential. The new Rules give them this opportunity and will help to make the game even more inclusive.”

The new Rules are accompanied by guidance notes, an overview document and explanations that detail the rationale for why changes have been made and, in some instances, why they have stayed the same.

These materials can be found at [www.usga.org/amateurstatus](http://www.usga.org/amateurstatus)

#### **About the USGA**

The USGA is a non-profit organization that celebrates, serves and advances the game of golf. Founded in 1894, we conduct many of golf’s premier professional and amateur championships, including the U.S. Open and U.S. Women’s Open. With The R&A, we govern the sport via a global set of playing, equipment, handicapping and amateur status rules. The USGA campus in Liberty Corner, New Jersey, is home to the Association’s Research and Test Centre, where science and innovation are fuelling a healthy and sustainable game for the future. The campus is also home to the USGA Golf Museum, where we honor the game by curating the world’s most comprehensive archive of golf artifacts. To learn more, visit [usga.org](http://usga.org).

#### **About The R&A**

References in this document to The R&A are to R&A Rules Limited. Together The R&A, based in St Andrews, Scotland, and the USGA govern the sport of golf worldwide, operating in separate jurisdictions but with a commitment to a single code for the Rules of Golf, Rules of Amateur Status and Equipment Standards. The R&A governs the sport worldwide, outside of the United States and Mexico, on behalf of over 36 million golfers in 144 countries and with the consent of 159 organisations from amateur and professional golf.

The R&A aims to invest £200 million in developing golf over a decade and supports the growth of the sport internationally, including the development and management of sustainable golf facilities. For more information visit [www.RandA.org](http://www.RandA.org).

###

**Media Contacts:**

Janeen Driscoll

USGA Communications

910-690-9711

[jdriscoll@usga.org](mailto:jdriscoll@usga.org)

<http://mediacenter.usga.org/>

Mike Woodcock

Director of Corporate Communications,  
The R&A

+44(0)7584 071246

[mikewoodcock@randa.org](mailto:mikewoodcock@randa.org)